

Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 121 (1.7.2024) - Deiliskipulag, Jökuldalur, Klaustursel

Málsnúmer : 202111169
Málsaðili : Aðall ehf.
Niðurstaða (stutt) : Vísað til nefndar
Fundardagur : 01.07.2024

Inngangur : Fyrir liggur uppfærð skipulagstillaga að nýju deiliskipulagi í landi Klaustursels á Jökuldal. Brugðist hefur verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar.
Niðurstaða : Fyrir liggur uppfærð skipulagstillaga að nýju deiliskipulagi í landi Klaustursels á Jökuldal. Brugðist hefur verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:
Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi skipulagstillögu og leggur til við heimastjórn Fljótsdalshéraðs að hún verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

Fulltrúar V-lista (PH og ÁMS) lögðu fram eftirfarandi bókun:
Þar sem Stuðlafoss er á náttúruminjaskrá þarf að gæta sérstakrar varúðar við framkvæmdir í og við fossinn sbr. kafla 5.3 um minja- og verndarsvæði í greinargerð deiliskipulagsins.